



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2015
Tilvísun: 201502-0365

Efni: Umsögn Mannvirkjastofnunar um 427. mál.

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd þar sem Mannvirkjastofnun er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Stofnunin þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið.

Eitt af verkefnum Mannvirkjastofnunar er að annast aðgengismál og er það m.a. viðfangsefni laga um mannvirki og byggingarreglugerðar að setja kröfur um aðgengi við hönnun og smíði nýbygginga. Í 6.11.7. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 er ákvæði sem nær til þjónustumiðstöðva t.d. á fjölsóttum ferðamannastöðvum. Þar segir m.a. að byggingar, skýli, upplýsingatöflur, áningarstaði og aðkomu að þeim skuli hanna á grundvelli algildrar hönnunar eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Hugmyndafræðin um algilda hönnun miðar að því að mannvirki séu þannig hönnuð að þau henti öllum. Með því að huga að þessum þætti snemma í undirbúningsferli nýframkvæmda er oft unnt að gera mannvirki og aðra aðstöðu aðgengilega fyrir fatlað fólk án þess að það hafi í för með sér viðbótarkostnað. Mannvirkjastofnun telur því mikilvægt að hugað sé sérstaklega að þessum þætti við undirbúning framkvæmda og skipulagningu ferðamannastaða og annarra innviða. Stofnunin leggur því til að orðið: „aðgengi“ bætist við upptalningu í 1. másl. 2. mgr. 3. gr.

Virðingarfyllt
f.h. Mannvirkjastofnunar


Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur